

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 14. september 2022
UST202209-030/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Heiðarbær frístundabyggð – Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 2. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð fyrir Heiðarbæ F3, sem liggur við Þingvallavatn.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagstillaga fyrir svæðið var auglýst árið 2010. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið á sínum tíma¹. Auk þess veitti stofnunin umsögn vegna lýsingar verkefnisins 19. nóvember 2021.²

Í greinargerð kemur fram að markmið skipulagsgerðarinnar eru að samþætta lóðamörk og götummynd, auka skilvirkni við umsýslu á lóðum ásamt því að ramma inn svæðið og nýtingu þess í heild og einstaka þætti þess, s.s. innviði, náttúruvernd og aðgengi. Auk þess kemur fram að frístundasvæðið er samkvæmt aðalskipulagi 53 ha og eru 42 lóðir þegar byggðar.

Þingvallavatn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan taki mið af lögum nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess³ og reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fylgst sé vel með fráveitu á ofangreindu svæði og haft sé samráð við Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

Einnig vill stofnunin benda á að vatnið er á náttúruminjaskrá⁴ og það fellur undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Auk þess er vatnið á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að framkvæmdaáætlun B-hluta náttúruminjaskrár.⁵ Mikilvægt er að fjallað sé um og tekið sé tillit til ofangreindra þátta í tillögunni að mati stofnunarinnar.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjalla sé um í tillögunni hver staða fráveitumála eru á svæðinu og hvort fráveitan við öll húsin séu í samræmi við ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp. Auk þess er það mat stofnunarinnar að setja þarf tímasetta úrbótaáætlun ef fráveita er ekki í samræmi við reglugerðir.

¹ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Heidarbaer_080212.pdf

² <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20Hei%c3%b0arb%c3%a6r.pdf>

³ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2005085.html>

⁴ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

⁵ <https://www.ni.is/greinar/su-sogid-thingvallavatn>

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála (nr. 36/2011) skal Þingvallavatn (104-2232-L) vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og má ástandi þess ekki hraka. Umhverfisstofnun hefur gefið út *Vöktunaráætlun fyrir Þingvallavatn 2019 - 2024*⁶ þar sem fylgst er með ástandi vatnshlotsins.

Aðgengi meðfram vatnsbakkanum

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram strandlengjunni, ám og vötnum svo að útivistargildi skerðist ekki og bendir á skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.3.2.14, þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötnum, ám og sjó.

Skógrækt

Í skilmálum um hverfisvernd segir að innan náttúrulegra birkiskóga er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir eins og birki, víði og reyni. Þó er heimilt er að grisja náttúrulegan skóg og gera göngustíga um hann.

Umhverfisstofnun tekur undir það að lögð sé áhersla á íslenskar trjátegundir þegar kemur að gróðursetningum á frístundalóðum. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að setja í skilmála að ekki skuli gróðursetja furu, ösp og grenitré frekar en orðið er.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

⁶ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/V%20c3%20b6ktunar%20c3%20a1%20c3%20a6tlun%20fyrir%20c3%209eingvallavatn%202019%20-%202024_loka%20c3%20batg%20c3%20a1fa_18_mars_2021.pdf